



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 1. nóvember 2018

USK2018100030

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Þorsteinn R. Hermannsson

Umferðarmál á Grandasvæðinu - umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. október 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Flokks fólksins:

"Hvað ætlar meirihlutinn í Reykjavík að gera er varðar umferðarmál á Grandasvæðinu í Reykjavík?"

Komið hefur fram í síðustu könnun sem framkvæmd var fyrir Faxaflóahafnir og unnin af Árna Steini Viggóssyni að megn og vaxandi óánægja er með umferðaröryggi á svæðinu hjá þeim sem stunda þar atvinnurekstur, gangandi og hjólandi og akandi vegfarendur og hinum mikla fjölda ferðamanna sem fara um svæðið. Það kemur fram í síðustu könnun að einungis 15 manns eða 11.8% viðmælanda af þeim 127 sem höfðu skoðun á málinu þótti aðstæður vera í lagi. Sýna þessar niðurstöður hversu stór hluti viðmælanda er óánægður með umferðarmálin á umræddu svæði. Mikil slysaþetta er á svæðinu vegna umferðar bifreiða sem bruna í gegnum svæðið þar á meðal oliubílar. Höfnin var einu sinni höfn, nú eru aðstæður allt aðrar. Viðmælendur telja hættulegt að keyra um svæðið. Það er verið að bíða eftir stóra slysinu að mati þeirra sem eiga erindi á svæðið."

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

Grandagarður, Fiskislóð og aðrar götur á hafnarsvæðinu við Gömlu höfnina og í Örfrisey tilheyra Faxaflóahöfnum. Breytingar og framkvæmdir á götum og stígum á hafnarsvæðinu eru á forræði Faxaflóahafna en sérfræðingar Reykjavíkurborgar í umferðaröryggismálum hafa verið til ráðgjafar við hönnun breytinga í gegnum tíðina. Nokkrar úrbætur hafa verið gerðar á síðustu árum til að bæta umferðaröryggi og frekari aðgerðir eru í undirbúningi. Samgöngustjóri mun á næsta fundi með Faxaflóahöfnum ræða sérstaklega umferðaröryggismál á Grandasvæðinu, slysatölfræði, hraðamælingar, talningar og niðurstöður könnunar sem vísað er til í fyrirspurninni. Breytingar á gatnamótum Fiskislóðar, Grandagarðs, Mýrargötu og Ánanausta til að bæta aðgengi og öryggi hafa verið til skoðunar, niðurstöður greiningar voru kynntar umhverfis- og skipulagsráði í lok síðasta árs. Reykjavíkurborg mun, í samstarfi við Faxaflóahafnir, vinna áfram að greiningu á úrbótum á þeim gatnamótum og aðliggjandi götum og kynna niðurstöður fyrir skipulags- og samgönguráði.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri

